



Reykjavík, 20. október 2019

SFS2020080230

194. fundur

HG/þþ/hþh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnaðarmat vegna kaupa á hugbúnaði og vélbúnaði fyrir kennara

Á fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að kostnaðarmat verði fengið vegna kaupa á hugbúnaði og vélbúnaði handa öllum kennurum sem starfa hjá Reykjavíkurborg og ekki hafa viðeigandi hugbúnað og vélbúnað til þess að sinna starfi sínu utan skólanna.

Vélbúnaður fyrir kennara

Á 131. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. desember 2017 var *Stefna um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi*¹ kynnt. Á sama tíma var unnið að úttekt á starfsumhverfi kennara í grunnskólum borgarinnar og var í framhaldi samþykkt í borgarstjórn tillaga um að allt fagfólk (kennarar, námsráðgjafar, þroskaþjálfar o.fl.) í meira en 40% stöðugildi í grunnskólum hefði val um eigin búnað (R17020174. 1210. SÆVP-26).

Í kjölfar þessarar samþykktar voru óskir um búnað kannaðar vorið 2018. Í upphafi skólaársins 2018-2019 voru um 700 fartölvur afhentar fagfólki grunnskóla. Nokkur hópur starfsmanna eða um 400 hafði þegar til umráða fartölvu og um 800 starfsmenn óskuðu eftir því að nota áfram borðtölvur í sínu starfi. Óskir um útskipti á borðtölvum fyrir fartölvur hafa aukist jafnt og þétt á síðustu tveimur árum og hefur um 300 gömlum borðtölvum verið skipt út fyrir fartölvur. Eftir innkaup á um 200 fartölvum haustið 2020 verður staðan sú að um 85% ofangreinds hóps mun hafa fartölvu sem eigin vinnutæki. Gert er ráð fyrir að um 300 borðtölvum verði skipt út í ársbyrjun 2021 og mun þá öllum í ofangreindum hópi hafa boðist fartölva sem eigin vinnutæki.

Kostnaður við innkaup UTR á einni fartölvu fyrir starfsmann er áætlaður rúmlega 120 þúsund krónur og leiga SFS um 40 þúsund á ári. Því má gera ráð fyrir að kostnaður við ofangreind innkaup á 300 fartölvum verði um 36 m.kr.

Á síðustu þremur árum hefur verið lögð rík áhersla á að tryggja aðgengi fagfólks grunnskóla að eigin búnaði. Þessi aðgerð hefur haft margvísleg jákvæð áhrif í för með sér og má nefna möguleika til aukins og sveigjanlegs samstarfs, ríkari tækifæri til starfsþróunar, s.s. á neti og

¹ <https://reykjavik.is/sites/default/files/utstefna.pdf>

bætta aðstöðu og aðgengi til að bjóða upp á sveigjanlegt nám stutt af neti og stafrænum stöðum. Í kjölfar heimsfaraldurs árið 2020 hefur komið enn skýrar í ljós en áður hversu nauðsynlegt það er að fagfólk hafa eigið vinnutæki sem grunnbúnað í starfi. Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur til þróunar skóla- og frístundastarfs í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Hugbúnaður fyrir kennara

Þjónusta við innkaup og virkjun á hugbúnaðarleyfum fyrir starfsfólk borgarinnar fer einkum fram miðlægt á vegum upplýsingatæknideildar ÞON (t.d. fyrir Office365, G-Suite for Education og Lightspeed). Eins eru dæmi um að fagskrifstofa SFS hafi til reynslu keypt aðgang að hugbúnaði sem styður við framþróun skólastarfs (t.d. Widgit Online lausnina fyrir alla starfstaði og einstaka öpp í þróunarverkefni). Jafnframt getur hver starfsstaður ákveðið að kaupa leyfi sem nýtast í námi, starfi og kennslu (t.d. öpp fyrir spjaldtölvur eða aðgang að veflögum hugbúnaði). Slíkt er þó alltaf háð mati á öryggi og persónuvernd og sinna fulltrúar Nýsköpunarmiðju Menntamála (NýMið) og lögfræðiskrifstofu SFS ráðgjöf og þjónustu um slíkt. Áætlað er að kostnaður við umsýslu og leigu á hugbúnaði hafi aukist á síðustu misserum en aftur á móti eru innkaup stærri hugbúnaðarlausna gerð fyrir hópa starfsmanna og fylgja því t.d. búnaði eða fjölda starfsmanna.

Að lokum

Gildi menntunar og skólastarfsins í borginni hefur sjaldan verið eins skýrt og nú þegar samfélagslegar áskoranir umlykja daglegt líf. Í stöðunni felast einnig tækifæri til rýni, endurskoðunar og framþróunar. Rík ástæða er til að horfa til menntastefnu borgarinnar, stefnu sviðsins um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi og tryggja að búnaður, þjónusta, þekking, markviss notkun og framsýni styðji við mikilvæga og sveigjanlega starfsemi, nám, kennslu og velferð.